



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 24. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 44/2007

Kaup Kaupþings banka hf. á NIBC Holding N.V.

1.

Með bréfi dagsettu 17. ágúst 2007 var þess óskað af hálfu Kaupþings banka hf. að Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu frá tilkynningu samruna, samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglna um tilkynningu samruna nr. 881/2005, vegna kaupa Kaupþings á hollenska félaginu NIBC Holding N.V. en það er eigandi bankans NIBC N.V.

Til stuðnings undanþágubeiðninni var á það bent að tekjur NIBC banka á Íslandi næmu [...] ¹ en bankinn leggur áherslu á þjónustu við meðalstór fyrirtæki í Vestur-Evrópu. Fyrst og fremst væri skörun á starfsemi Kaupþings og NIBC í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Með hliðsjón af því sem fram kom í undanþágubeiðni Kaupþings, því sem hér greinir og atvikum öllum féllst Samkeppniseftirlitið á beiðni Kaupþings um undanþágu frá því að veita allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka við samrunareglur. Nánar tiltekið var veitt undanþága frá tilkynningu um þau atriði sem tilgreind eru í köflum 2 til 9 í viðauka við reglurnar.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Kaupþings banka á NIBC feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Samkvæmt upplýsingum um samrunann frá Kaupþingi skapar hann tækifæri fyrir félagið í Benelux löndunum og Þýskalandi. Félögin starfi aðallega með litlum og meðal stórum fyrirtækjum í Norður-Evrópu. Jafnframt kemur fram að takmörkuð skörun sé á starfsemi félaganna.

Velta NIBC á Íslandi er afar lág í hlutfalli við stærð markaðarins og er því ólíklegt að kaupin muni hafa veruleg áhrif á markaðshlutdeild Kaupþings á Íslandi.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun

¹ Fellt út vegna trúnaðar



innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Kaupþings og umsvif eru að meginstefnu til á Íslandi og Norður-Evrópu. Þriðjungur tekna félagsins kemur frá starfsemi á Íslandi. Starfsemi NIBC á Íslandi er mjög takmörkuð. Þegar starfa öflugir viðskiptabankar með breitt vöruframboð ásamt sparisjóðum, fjárfestingarbönkum og fleiri fjármálastofnunum á íslenskum fjármálamarkaði. Þegar horft er til þess að staða samkeppnisaðila samrunaaðila er sterk, sem lýsir sér meðal annars í umtalsverðum efnahagslegum styrkleika og breiðu vöruúrvali, og aðstæðna að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið ekki að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupum Kaupþings banka á öllu hlutafé NIBC Holding N.V. felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna..“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson